

14.janúar 2025

STJÓRNARFUNDUR FORELDRAFÉLAGS FLATASKÓLA

Fjórði fundur vetrarins var haldinn 14.janúar kl. 19.30 og fór hann fram í Flataskóla.

Mæting:

Agnes Eva Sch. Gísladóttir(formaður), Magnús Ásgeirsson, Helgi Davíð Björnsson, Karólína Stefánsdóttir, Hanna Sumarliðadóttir(gjaldkeri) og Anna María Björnsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

Efni fundarins

BINGÓ

SKIPULAG BINGÓ

Ákveðið var að hafa tvö bingó kvöld til að tryggja það sé nóg pláss fyrir fjöldann. 18. og 20. mars koma til greina og er salurinn í Flataskóla laus þá daga samkv. Hönnu Skólastjóra.

Við viljum leggja áherslu á að þetta sé fjölskylduskemmtun, fá foreldra og ömmur og afa til að koma með.

Dagsetning verður staðfest á næsta fundi í janúar. Tímasetning kl 18-20:00. Hús opnar 17:30.

Ákveðið að hafa sama verð á bingóspjöldum (500kr) pizzusneið (500 kr), djús (200kr) sódavatn (300 kr.).

FRÆÐSLUKVÖLD

Framundan er fræðslukvöld fyrir foreldra og börn um notkun snjallsíma. Hanna skólastjóri hefur pantað þessa fræðslu fyrir 5.-7.bekk foreldrar og börn og mun foreldrafélagið greiða fyrir það.

Skoða önnur fræðslukvöld um samfélagsmiðla og símanotkun eftir að þau fræðslukvöld sem framundan eru eru búin.

Fundi slitið: 21:15.

Næsti stjórnarfundur 10.febrúar kl 19:30